

Bókaratíðindi

Vetrarstarfið:

Vetrarstarf Félags viðurkenndra bókara er hafið og fyrsti félagsfundur vetrarins var haldinn 15. september s.l. Gestir fundarins voru Jón Heiðar Pálsson frá TMS Maritech, sem kynnti fyrirtækið og nýjungar í bókhaldshugbúnaði frá þeim. Meðal annars betri tengingar Microsoft Dynamics Nav við Office hugbúnaðinn en það eykur upplýsingaflæði og skapar þar með betra vinnuumhverfi.

Helga Jónsdóttir frá Capacent sagði frá stöðu bókara á vinnumarkaðnum í dag og sagði mikla eftirspurn eftir vönum bókurum og því góðir möguleikar fyrir þá sem hafa hug á að skipta um starf. Síðast en ekki síst kom Helga Braga Jónsdóttir og ræddi í léttum dúr um samskipti, framkomu og daður. Hún sagði að bókarar hefðu enga ástæðu til að finnast þeir vera "leiðinlegi starfsmaðurinn". Þetta væri bara spurning um framkomu og fas og hvatti þá eindregið til að daðra við samstarfsfólkið, enda væri daður ekkert annað en að láta hinum aðilanum líða vel í návist sinni.



Heimasíða félagsins

Á aðalfundi Fvb þann 10. nóvember nk. mun félagið formlega opna nýja heimasíðu en munu þar verða nokkrar nýjungar fyrir félagsmenn eins og innskráning, spjall, skráning á póstlista og margt fleira. Reynt hefur verið að halda úti fréttapistlum á síðu félagsins og má þar nefna ýmsar greinar svo sem: *Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti, Frumvarp til laga um breytingu á lögum um álbræðslu á Grundartanga, Frumvarp til laga - endurgr.v.kvikmyndargerðar, Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lífeyrissjóði, Tryggingagjald 2007 gæti breyst, EHI námskeið: Ársreikningalögin nýlegar breytingar, Nýr tvísköttunarsamningur við Bandaríkin o.fl.* Munið www.fvb.is

Aðalfundur

Aðalfundur Félags viðurkenndra bókara verður haldinn 10. nóvember nk. í Kiwanissalnum við Engjateig kl. 17.00. Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf, en eftir fundinn verður boðið upp á léttar veitingar og að því loknu mun skemmtinefndin verða með óvænta uppkomu.

Núverandi gjaldkeri félagsins Rannveig Lena Gísladóttir, hefur beðist lausnar frá störfum í stjórn félagsins. Auk þess munu Þórdís Bjarnadóttir og Gyða Hafdís Margeirsdóttir hætta setu í stjórninni, en hafa þær allar þrjár starfað lengi í stjórn félagsins.

Einnig er ljóst að einhverjar breytingar verða á endurmenntunarnefnd.

Þeir aðilar sem hafa áhuga á að starfa í þágu félagsins eru hvattir til að bjóða sig fram.

Samhliða aðalfundinum heldur endurmenntunarnefnd námskeið eða ráðstefnudag og verður þar margt á dagskrá s.s. fyrirlestrar og kennsla.

Ráðstefnur og námskeið

Síðastliðin ár hefur endurmenntunarnefnd félagsins haldið ráðstefnur og nefndin ásamt stjórn félagsins boðið upp á ýmsar fyrirtækjaheimsóknir. Nýjar stjórnir munu auglýsa dagskrá vetrarins fljótlega eftir aðalfund.

En munið “FEBRÚARRÁÐSTEFNUNA”

Grein Gyðu Hafdísar Margeirsdóttur, sem birt hefur verið í Morgunblaðinu.

Viðurkenndir bókarar.

Ein af forsendum fyrir góðum rekstri fyrirtækja er að stjórnendur hafi góðan aðgang að nýjum og vel framsettum upplýsingum um reksturinn. Með þróun upplýsingakerfa á síðustu árum hafa möguleikar aukist til þess að nýta upplýsingar úr bókhaldsgögnum sem stýritæki við rekstur fyrirtækja. Bókhaldsdeildir fyrirtækja þurfa að vera vel skipulagðar fyrir úrvinnslu bókhaldsgagna. Uppbygging bókhaldskerfis þarf að taka mið af þeim upplýsingum sem gagnast stjórnendum best við reksturinn. Viðurkenndir bókarar eru ný starfsstétt sem staðist hefur próf frá Háskólanum í Reykjavík. Krafa sem gerð er til bókara einskorðast ekki lengur við skrásetningu upplýsinga heldur er mikilvægt að þeir geti útvegað stjórnendum þau gögn sem nauðsynleg eru við áætlanagerð og kostnaðargreiningu.

Með aukinni þátttöku almennings í rekstri fyrirtækja hefur markaðurinn og löggjafinn kallað eftir samræmdari og skilvirkari reikningsskilum. Lögin um bókhald og ársreikninga hafa verið hert það mikið á undanförunum árum að í dag eru þau að hluta tengd hegningarlögum (sjá 83. gr. laga nr. 144 frá 1994/Lög um ársreikninga). Vegna kröfu um samræmdari og skilvirkari reikningsskil verður enn nauðsynlegra fyrir fyrirtæki að standa rétt að bókhaldi. Vel má ímynda sér að víða sé pottur brotinn í þessum efnum. Ljóst er að mörg fyrirtæki geta nýtt sér betur þær upplýsingar sem vel skipulagt bókhald getur veitt.

Vinnsla upplýsinga úr bókhaldsgögnum er í höndum bókara og gjaldkera hjá flestum fyrirtækjum. Mikilvægt er að eftirtaldir þættir í bókhaldi fyrirtækja séu í lagi;

Upplýsingar séu ávallt sem nýjastar.

Kostnaðargreining gefi rétta mynd af rekstrinum.

Afstemmingar séu unnar reglulega og með skipulögðum hætti.

Val og notkun hugbúnaðar fari saman við þarfir og bolmagn fyrirtækisins til fjárfestingar.

Uppsetning og ferli bókhalds sé í samræmi við þær niðurstöður sem rekstraraðili vill skoða.

Gerðar séu fjárhagsáætlanir með reglulegum hætti.

Símennt HR býður réttindanáms fyrir bókara á háskólastigi í samvinnu við fjármálaráðuneytið. Námið skiptist í þrjá hluta; reikningshald, skattskil og upplýsingakerfi og er kennt á haustönn, frá september til desember. Þeir nemendur

sem standast prófin fá staðfestingu frá fjármálaráðuneytinu á að þeir séu viðurkenndir bókarar, skv. 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald.

Námið er þrjúþætt:

1. hluti er upplýsingamiðlun og upplýsingakerfi (24 klst.) Markmið þess hluta námsins er að æfa nemendur í að beita ákveðnum vinnubrögðum við uppgjör sem bæði stytta tíma sem fer í verkefni og auka nýtingu þeirra verkfæra sem standa til boða á vinnustöðum. Þar má t.d. nefna flutning gagna milli kerfa, notkun Excel við uppgjör og tenging þess við bókhaldskerfi ásamt rafrænum skilum skattframtala.

2. hluti er skattskil (40 klst).

Markmið þess hluta er að nemendur fái almenna innsýn í skattalög og reglur varðandi skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga. Auk þess er lögð áhersla á að bæta þekkingu nemenda á upplýsingaskyldu og verklagi varðandi virðisaukaskatt og aðra vörsluskatta.

3. hluti er reikningshald (40 klst.)

Markmið þess hluta er meðal annars að þjálfa nemendur í öllum meginreglum reikningshalds og því lagaumhverfi sem bókhald og reikningsskil eru byggð á. Nemendur læra gerð ársreikninga, farið er yfir refsingar og viðurlög við brotum á lögum um bókhald og ársreikninga. Kynnt er hlutverk og tilgangur félagaskrár, mat á verðmæti viðskiptakrafna, birgðamatsaðferðir, mat fastafjármuna, svo eitthvað sé nefnt.

Eins og sjá má af ofantöldu er námið margþætt og kemur inn á alla þætti bókhalds og reikningsskila. Það er því augljóst að námið stuðlar að því að gera þátttakendur vísýnni og verðmætari starfskrafta ásamt því að þeir öðlast hæfni til að nýta upplýsingatækni við störf sín.

Félag viðurkenndra bókara var stofnað þann 26. janúar 2002. Tilgangur félagsins er m.a. að stuðla að endurmenntun og auka faglega þekkingu félagsmanna ásamt því að vinna að bættri þjónustu félagsmanna við viðskiptavini sína og opinbera aðila og aðra er byggja á störfum þeirra. Þeir sem tilheyra Fvb þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur um endurmenntun sem er mjög mikilvæg í starfi bókara. Stöðugt er verið að breyta lögum og nú er verið að innleiða alþjóðlega reikningsskilastaðla og kröfur enn að aukast um kunnáttu fagfólks í gerð reikningsskila.

Það er því mikilvægt að stjórnendur vandi vel til valsins þegar kemur að ráðningu bókara fyrirtækisins. Vel menntaður aðili á því sviði getur beitt góðum og vönduðum vinnubrögðum í starfi.

Gyða Hafdís Margeirsdóttir,

Varaformaður stjórnar Félags viðurkenndra bókara.



Sjáumst á aðalfundi!